

# FRUM- DÝRIÐ

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er furðuleg tilfinning sem gagnstekur þann sem gengur inn í vestursal Kjarvalsstaða um þessar mundir. Einna er líkast sem maður sé kominn á þjóðháttasafn úti í heimi, safn steingervinga eða leifa fornsögulegra dýra.


Rökkvuð lýsingin er þannig að það má vera sljór maður sem ekki skynjar einhverjar innri hræringar í sálarkirnunni við skoðun þessara rýmisverka á gólfi og veggjum.

Málið er, að Menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar heiðrar þessar vikurnar og fram til 2. desember hina framsæknu ungu listakonu Brynhildi Þorgeirsdóttur, sem undanfarin ár hefur verið búsett í New York, með víðamikilli sýningu skúlpúr- og rýmisverka hennar. Brynhildur hefur áður vakið athygli á verkum sínum á einka- og samsýningum fyrir hrjúf og ógrandi skúlpúrverk úr gleri, járn og steypu, sem iðulega hafa sett hressandi svip á næsta umhverfi sitt.

Verk hennar eru og mjög í anda nútíma skúlpúr- og/eda rýmisverka eins og maður þekkir til frá hinum víðameiri sýningum erlendis, en maður getur þó að sjálfsögðu ekki gert sér fulla grein fyrir því, hvernig þau muni taka sig út á slíkum sýningum og hvort persónueinkenni hennar muni skera sig úr. Í fagbókum skilgreinist þessi tegund rýmislistar sem eins konar brotabrot úr sögunni og er samheitið t.d. „Historische Fragmente“ á þýsku.

Svipuð viðhorf koma fram í verkum ólíkra listamanna og t.d. Shirazeh Houshiary og Aribert von Ostrowsky.

Skúlpúrlístin hefur þróast á umtalsverðan hátt á undanföllum áratugum, en þetta með áherslu á rýmið og umhverfi einstakra verka er þó naumast nýtt, en birtist hér með



Brynhildur Þorgeirsdóttir listakona við tvö verka sinna.

auknu áhersluvægi, þannig að stundum er rýmið jafnvel aðalatriðið og skúlpúrverkið ósýnilegt að heita má, eða að rýmið telst sjálfvægt.

Hjá Brynhildi skiptir formið þó miklu máli ekki síður en umhverfið og satt að segja finnst mér hún ná hvað hrífmostum árangri þegar hún leggur mest upp úr einföldu, samþjöppuðu forminu eins og t.d. í verkinu „Nafnlaus“ (27), sem er einungis unnið í einu efni, þ.e. steinsteypu, sem litur er borinn á.

Einnig er ég á því að hún njóti sín einna best í hinum mýkri verkum, sem standa sjálfstætt og hafa meiri skírskotun til dauðra náttúruforma en þeirra, sem geta minnt á fornsöguleg dýr eða einhvers lifandi á jörðinni hvort heldur í fortíð eða framtíð. Í sumum slíkra verka koma nefnilega fram hlutir, sem minna mig þó nokkuð og hálf óþægilega á verk textillistamanna, er þeir gera þau verk sem þeir nefna textílskúlpúr. Ég segi óþægilega vegna þess að

Bryndis er fyrst og fremst skúlpúr- og rýmislistamaður og þarf ekki á þessum meðölum að halda.

Þetta er heilmikil sýning, sem vissulega á erindi til okkar og sem fólk er ráðlegt að skoða oft en einu sinni, vilji það komast í náð samband við verkin, en þau geta virst torkennileg og jafnvel fráhrindandi í fyrstu og þá einkum í augum hins almenna sýningargests.

Kannski er þetta ekki ýkja frumlegt í heildina sé tekið mið af alþjóðlegum straumum í skúlpúrlístin en vist er það býr heilmikill rýmislistamaður í Brynhildi Þorgeirsdóttur.

Eins og venja er í sambandi við slíkar sýningar hefur verið gefin út vegleg og ríkulega myndskreytt sýningarskrá, sem hönnuð var af Birgi Andréssyni og mjög í anda þess, sem gerist erlendis, en full mjúk á milli handanna.

Þá vil ég minna á í sambandi við formála Gunnars Kvaran, að hið forna orð scultore, sculpture, eða svo

á ítölsku, er komið úr latínu og útleggst einfaldlega myndhöggvari, höggmynd, (eða mótunarlistamaður) sbr. á germönsku „Bildhauer“. Skúlpúr er þannig ekkert nýyrði yfir nútíma höggmyndalist nema kannski á Norðurlöndum, en hér eru um leið notaðar margar skilgreiningar eftir eðli verkanna. En rétt er að menn hafa gripið til þess að nota þetta orð yfir alþjóða skilgreiningu á allri nútíma rýmis- og mótunarlist og svo er jafnvel gert af hinum málvöndu Þjóðverjum.

Það er svo auðvitað í besta lagi að nota þetta fjárhæna samheiti, í stað höggmyndalistar, en svo komumst við einfaldlega að því, að merkingin er nákvæmlega hin sama!

Skyldi svo ekki einnig vera rými, rúmtak og plastísk dýpt í öllu því sem hoggjörð er út?

En að sjálfsögðu mæli ég með að sem flestir festi sér sýningarskrána og lesi skilgreiningar listsögufraðingsins af athygli.

# DJÚPIÐ

Okkur listrýnum blaðsins hefur borist bréf frá veitingastaðnum Horninu á Hafnarstræti 18, og skal kvittað fyrir það hér með, að gefnu tilefni.

Á neðri hæð veitingastaðarins var upprunalega sýningarsalur, er nefndist Djúpið og muna hann vafalítið þó nokkrir, enda fór ýmis önnur listræn starfsemi þar fram m.a. djassvakning.

Í þá tíð voru listhúsin í miðbænum ekki til og þessar sýningar í hjarta borgarinnar því kærkomnar, þótt ekki væru þær stórar né víðamiklar, enda húsakynninn takmörkuð, þótt þau séu vart minni en ýmis fræg listhús úti í heimi.

Öll sýningarstarfsemi féll svo niður að mestu um árabíl, enda voru þá komin stærri og veglegari listhús til sögunnar í næsta nágrenni, en það mun þó ekki hafa verið aðalástæðan heldur önnur og óskyld starfsemi í húsnæðinu, m.a. var settur upp þar bar, sem takmarkaði enn rýmið.

Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til að endurvekja sýningarstarfsemi, en þær hafa oftast farið út um þúfur eftir skamma hríð, enda báglega að staðið.

Nú hafa nokkrir ungir listamenn tekið að sér að hafa umsjón með sýningahaldi á staðnum og hafa sex sýningar verið settar þar upp sl. fjóra mánuði og hafa nær undantekningarlaust verið á ferðinni fyrstu spor óþekktra listspara út í hið opinbera menningarlíf.

Í þessu tilefni skal því komið að í allri vinsemd, að þrátt fyrir allt er hér ekki ennþá komið fram listhús með markvissri starfsemi og metnaðarfullum sýningum, og það þarf sérstakt tilefni til að geta sýninga sem slíkra í almennri listrýni dagblaðs.

## Gólfþvottavélar

með vinnubreidd frá 43 til 130 cm.



Gólfþvottavélar drifnar með rafgeymum.



Gólfþvottavélar með sæti



**Hako** vélar á Íslandi

Nýbýlavegi 18, sími 64-1988.

## Afrakstur áratuganna

Bókmenntir

Ingi Bogi Bogason

Kristján J. Gunnarsson: Leirkarlsvísur (144 bls.). Skákprent 1989.

Þetta er óvenjuleg bók að ýmsu leyti. Á bókarkápu segir m.a. að umrætt verk sé „afrakstur ljóðasmíða á rúmlega fimm áratugum“. Það er fátítt að ljóðskáld gefi sér jafnlangan umhugsunarfrest til þess að gefa út ljóð á bók og hér

er raunin. Flest ljóðin hafa samt verið ort eftir að Kristján settist í helgan stein enda töluvert áberandi í þeim yfirsýn þess sem hefur við of farið.

Bókinni er skipt í þrjú hluta sem heita Árdagar, Hundadagar og Lokadagar – og er þokkafull samkvæmni milli heita og yrkisefna.


Óvenjulegt er að sjá í einni og sömu bók svo margar og fjölbreytlegar tilraunir með stíl og form. Þarna eru ljóð sem t.d. minna á ljóð þeirra skálda sem voru að koma fram á áttunda áratugnum (Uppá krít, Stofnun Jóns Krukks). Svo eru innan um glettnislegar ferskeytlur sem benda til eldri tíma. Ein þeirra nefnist Eyðisandsvísa:

Ekkert hæli hér ég finn,  
horfinn sælustaður,  
nú ég skæli, nafni minn,  
nú er ég þræltimbráður.

Kristján hefur gengið í smíðju ýmissa snillinga, bæði leynt og ljóst. Fyrsta ljóð bókarrinnar, Leirkarlsvísur, felur t.d. í sér vísun til Hallgrímskirkju eftir Stein; alþýðlegt orðalag annarra ljóða minnir stundum á Davíð og Tómas (Fullnægging, Urðarköttur). Með því að benda á slík líkindi er ekki verið að veða að gæðum ljóðanna. Raunar er það þakkarverð tilbreyting að fá að njóta verka sem byggja á hagleik horfinna kynslóða á tímum sem setja frumleikakröfu á oddinn.

Þversagnir njóta sín vel í nokkrum ljóðum bókarrinnar. Í Blýantspári eru orð myndhverfð sem „naglasúpa tómhugans“, lokaniðurstaða ljóðsins því rökleg í rökleysu sinni: „Verði ljóð. // Og það verður / til að verða / ekki neitt.“

Óvenjuleg breidd er í yrkisefnum Kristjáns. Ljóðin teygja sig frá eilífðarmálum eins og ást og dauða



Kristján J. Gunnarsson

til aðstoðjandi nútímavanda eins og umhverfisverndar, mengunarvarna og hagvaxtar.

Ástarkvæði eru áberandi og nefni ég sem dæmi Vergangssást, Ástarbréfið og Aðskilnað. Þau einkennir viss finleiki og yfirvegum. Vergangssást endar svo:

Eiðar,  
svardagar,  
varajátningar:  
orðabælgur  
að tína úr  
spakmæli  
í grafskrift-  
ástar.

Einn stærsti veikleiki bókarrinnar felst í ýmsum tilgangsljóðum þar sem boðunin yfirskyggir listina (Fjandafæla, Skilningstréð, Lyklabarna-gæla). Þar er fjallað um heim sem versnandi fer en á þess að gráglettni höfundar nái að njóta sín. Í þessum ljóðum er sleginn of harkalega sá tónn sem kenna má við heimsósóma og lesandinn verður tortrygginn.



# SLEIPNER MOTOR A.S

Það tilkynnist hér með að MERKÚR hf. hefur tekið að sér einkaumboð á Íslandi fyrir SLEIPNER MOTOR A.S. í Noregi.

Við getum nú með örskömmum fyrirvara útvegað af lager SLEIPNER í Noregi: Skrófuása, stefnisrör, ástengi, bátaskrúfur, stýrisbúnað, rafknúnar bógskrúfur 12 eða 24 volt og vökvaknúnar bógskrúfur, 20, 40 og 60 hö.

Sala — Ráðgjöf — Þjónusta



# MERKÚR HF

Skútuvogi 12A • 104 Reykjavík • ☎ 82530